

FÉLAGSBLAD NÝALSSINNA

FRÉTTIR OG FÉLAGSMÁL



LOFTSTEINN - GESTUR ÚR GEIMNUM

Ef við horfum til himins á stjörnubjartri nóttu, fer ekki hjá því að við sjáum stjörnuhröp, fleiri eða færri. Þau koma fram sem löng, björt strik á himninum, og hverfa jafn skyndilega og þau birtast. Þetta eru steinar sem koma utan úr geimnum með miklum hraða, og glóhitna er þeir þjóta inn í lofhvel jarðar okkar. Flestir eru steinar þessir örsmáir, en einstaka eru mörg tonn á þyngd, eins og sá sem hér er sýnd mynd af.

E FNISYFIRLIT :

1. Til félagsmanna, Stjórnin.	bls.	2
2. Fréttir til allra félagsmanna, Stjórnin.	"	3
3. Miðilsfundir, Ingvar Agnarsson.	"	7
4. Bætum lífsamböndin, Ingvar Agnarsson.	"	2
5. Um greiðslu félagsgjalda, Gjaldkeri.	"	8
6. Skrá um fáanlegar riðgerðir Helga Pjeturss.	"	8
7. Bréf Ingu Arnason, Winnipeg.	"	7

Útgefandi: Félag Nýalssinna
Alfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765
Pósthólf, 1159, Reykjavík.

Umsjónarmaður:
Ingvar Agnarsson.

TIL FÉLAGSMANNA.

Ætlunin er, að á næstunni komi út nokkur hefti af Félagsblaði Nýalssinna og verði það ísama formi og þetta blað, en fleiri blaðsíður og efnismeira. Því verður ætlað að flytja ýmislegt efni, er snertir kenningar Nýals, svo sem verið hefur í mörg undanfarin ár. Æskilegt væri, að félagar legðu blaðinu lið, með því að senda því efni ýmis konar: frásagnir af eigin reynslu, greinar um sérstæð fyrirbrigði, drauma o.s.frv. og sitthvað, er snertir þróun og stefnu jarðlífsins, eins og hún gerist á yfirstandandi tíma. Ætlunin er, að blaðið verði vettvangur og tengiliður milli stjórnar félagsins og þeirra félagsmanna, er búa dreifðir um land allt. Mjög er æskilegt að stjórn félags okkar fái að heyra bréflega, eitthvað frá þeim félagsmönnum, sem ekki er hægt að hafa samband við með öðru móti. Allar ábendingar um það, hvernig betur mætti fara eru vel þegnar og tillögur um hvað gera mætti til þess að framgangur þessa málefnis mætti sem bestur verða og sem skjótastur.

Ingvar Agnarsson.

BÆTUM LÍFSAMBÖNDIN.

Nú eru mjög alvarlegir tímar. Ofriður geisar víða í löndum og hætta á alheimsbáli gæti verið yfirvofandi. Óáran er svo mikil, að hungursneyð er víða. Milljónir manna í ýmsum löndum munu líða hungurdauða á næstunni, og lítið virðist vera gert eða hægt að gera til bjargar. Það er eins og skuggar vítis séu að leggjast yfir jörð okkar í æ meira mæli.

Hvað má til bjargar verða, svo snúið verði við, frá þessari óheillastefnu?

1. Auka þarf skilning manna á hinum tveimur stefnum verðandinnar, hinni illu og hinni góðu.

2. Leggja þarf mjög aukna áherzlu á, að bæta sambönd við lífmagnaðar verur á öðrum hnöttum.

3. Þeir, sem skilning hafa á þessum samböndum, Nýals-sinnar, verða að vera hér í fararbrotti, og bæta eigin sam-stillingu og samstarfsvilja.

4. Miðilsfundir, haldnir með réttum skilningi þátttakenda á lífsambandinu, munu vera áhrifaríkasta aðferðin til þess, að taka á móti aukinni lífmagnan frá æðri lífstöðvum.

5. Hefja þarf stórfellt útbreiðslustarf, til að kynna þennan skilning meðal almennings, bæði hér á landi og í öðrum löndum. Enn vantar hinn almenna skilning. Ekki dugar skilningur og velvild aðeins fárra manna, en það er þó undirstaðan, sem byggja verður á, unz breytingum verður komið fram, sem duga, og því verða þessir fáu menn, að leggja sig fram, svo sem hver og einn hefur getu til.

6. Ekki þarf að efa stuðning hinna lengra komnu. An aflat senda þeir til jarðar okkar þá orku, sem þeir framast meyna. En við ramman reip er að draga, sem er hin illa aðsenda orka frá öðrum stöðum. Áríðandi er því, að taka sem best undir með hinum lífsendandi guðlegu verum, svo að árangur af viðleitni þeirra megi koma hér fram, sem fyrst.

Ingvar Agnarsson,
9/12 1973.

FRÉTTABRÉF TIL ALLRA FÉLAGSMANNA um aðalfund, útgáfustarfsemi og önnur félagsmál.

Langt er nú síðan félagsmenn hafa fengið nokkra orðsendingu frá stjórn félagsins og er mál að því sambandsleysi linni. Aðalfundur var haldinn 24. marz, eins og boðað var í bréfi. Nokkur breyting var þar gerð á stjórninni, því fráfarandi formaður baðst eindregið undan endurkjöri, svo og ritari og meðstjórnandi. Stjórnin er nú þannig skipuð:

Formaður: Benedikt Björnsson, Þingholtsstr. 15, Rvík.
Varaform.: Sigríður Guðmundsdóttir, Smáratúni 39, Keflavík.
Ritari: Ingvar Agnarsson, Hábraut 4, Kópavogi.
Gjaldkeri: Helgi Guðlaugsson, Njálgsgötu 31, Rvík.
Meðstj.: Ragnar Sturluson, Snorrabraut 42, Rvík.

Endurskoðendur voru kosnir þeir Sigurður F. Ólafsson, Flókagötu 63, Rvík og Ægir Ólafsson, Egilsgrötu 14, Rvík. Ritstjóri félagsrits var kosinn Kjartan K. Kjartansson, Baldursgrötu 29, Rvík.

Skylt er að gefa hér nokkra skýringu á þeirri eyðu í útgáfu blaðsins sem orðið hefur nú um skeið. Eins og kunnugt er var formi og útgáfutíðni þess breytt eftir aðalfund 1972. Var nú tekið að prenta það, en hafði áður verið fjölritað. Einnig var það stækkað í broti og látið koma út mánaðarlega. Hafði þessi breyting ýmsa kosti í för með sér, þó ekki líkaði öllum vel. Kostirnir voru einkum þeir að blaðið kom miklu oftar út en áður og skapaði á þann hátt betra samband stjórnenda og annara félagsmanna. Einnig er vert að benda á það, að ritstjórin, Haukur Matthiasson, rækti starf sitt af hendi af mikilli alúð og einkum tókst honum furðuvél að fá fleiri en áður til þess að leggja til efní í blaðið, þar á meðal ýmsa nýliða, og gera það með því fjölbreyttara en ella hefði orðið. Mun sú skólun sem ýmsum lítt ritvönum nýliðum gafst þar kostur á, vafalaust eiga eftir að skila frekari árangri. Var blaðið sent öllum félagsmönnum án sérstakts gjalda, auk þess sem nokkrum aukablöðum, sem til þess voru sérstaklega ætluð, var dreift víðar. Kostnaður allur var greiddur úr félagssjóði. Kom þá í ljós er á árið leið að svo mikil útgjöld voru félag-

inu ofviða, því árlegur blaðkostnaður nam allt að 60% af innkomnum félagsgjöldum ársins 1972. A félagsfundi 7. febr. í ár var kosin nefnd til þess að kanna þetta mál og gera tillögur um breytingar. Í nefndina voru kosnir: Haukur Matthiasson, Þorsteinn Guðjónsson og Helgi Guðlaugsson. Nefndin skilaði álti á fundi 7. marz og lagði fram svofelldar breytingartillögur. Haldið skyldi áfram að prenta blaðið, en það ekki látið koma út oftar en 4 sinnum á ári, 16 - 24 síður í hvert sinn á föstu áskriftarverði. Einnig skyldi það selt opinberlega og reynt að afla því áskrifta meðal almennings. Þannig skyldi blaðinu breytt úr innanfélagstíðindum í tímarit, sem flytti meira af fræðilegu efni en áður og hentaði jafnt fyrir félagsmenn og aðra áhugamenn um slík efni. Var þessi tillaga samþykkt einróma. Að vísu er nú liðinn nokkuð langur tími frá því að þessi samþykkt var gerð, án þess að hið áformaða rit hafi séð dagsins ljós. Er sú töf þó ekki sök ritstjórans, heldur er þar öðru um að kenna, bæði fjárvskorti og svo einnig þeirri algengu en hvimleiðu sumardeyfð, sem nær öll félagsstarfsemi þjáist af hér á landi og því miður einnig okkar starf, enn sem komið er. En nú er þess skammt að bíða að fyrsta hefti hins nýja rits berist mönnum í hendur. Verður það jóla- og nýjárskveðja félagsins til íslenzku þjóðarinnar og er þess að vænta að sérhver Nýalssinni leitist við að koma þeim boðskap fyrir sem flestra augu og að nokkur árangur megi af verða. Auk þessa tímarits, sem mun bera nafnið "Miðgarður" verður reynt að koma út Félagsblaði Nýalssinna í sama formi og þetta fréttablað, en þó einnig með greinum og öðru efni er félagsmenn kynnu að senda því til birtningar.

A aðalfundi voru gerðar nokkrar breytingar á lögum félagsins. Verða lögir send öllum félagsmönnum með þessu fréttablaði og er því ekki þörf á að skýra frá þeim breytingum hér.

Um útbreiðslufundi og sambandsfundi.

Allmikilli kynningarstarfsemi hefir F. N. haldið uppi á þessu ári, sem nú er senn á enda runnið. Er þar helzt að nefna nokkuð marga opinbera sambandsfundi með fræðsluerindum, sem haldnir hafa verið í Stjörnusambandsstöðinni og víðar, allt frá ársbyrjun og fram í júní. Var sagt í Félagsblaði frá þeim fundum er haldnir voru fram að aðalfundi og verður það ekki endurtekið hér. En í aprílmánuði voru haldnir 3 slíkir fundir á vegum félagsins og einn í júnímánuði, sá síðasti fram til þessa og vafalaust sá síðasti á þessu ári. Í Hveragerði var fundur 4. apríl, í kvíkmyndasal Hótel Hveragerðis, fundargestir voru rúmlega 30, auk fundarboðenda. Þann 7. apríl var fundur í Sambandsstöðinni fyrir nemendur úr Menntaskólanum í Hamrahlíð og sóttu hann milli 30 og 40 nemendur. Síðan var enn opinber fundur í Sambandsstöðinni 14. apríl og

sóttu hann um 50 manns. Loks var svo fundur í júníbyrjun í Stöðinni. Virtist þá vera farinn að minnka áhugi fólks vegna árstímans, - gestir voru þá um 35. Allir voru þessir fundir haldnir fyrir forgöngu Sigríðar Guðmundsdóttur og var hún ein starfandi miðill á þeim öllum. Er það einróma álit þeirra félagsmanna sem á fundum þessum voru að þeir hafi allir teknit vel og orðið ávinnungur fyrir málstað okkar. Þrír þessara funda hófust með flutningi fræðsluerinda, en á síðasta fundinum var erindinu sleppt, en í þess stað lesið úr Nýal.

Sambandsfundastarfíð innanfélags hefir haldið áfram óslitið allt árið (þrátt fyrir áðurnefnda sumardeyfð) og voru fundir nær aldrei færri en tveir í viku, en oftast þrír og þó stundum enn fleiri eftir að hausta tók. Um framfarir í þessum efnum skal ekkert fullyrt hér að þessu sinni. Þó mun heldur miða í áttina, en að vísu hægt, enda er á brattann að sækja og til mikils að vinna. En vongóðir munu flestir þeir sem þessa starfsemi stunda hvað ötullegast.

Í sambandi við kynningarstarf F.N. er vert að minnast á þann merka viðburð, að tveir ágætir erlendir gestir heimsóttu félagið á liðnu vori. Voru það þau hr. Anthony Brooke, hvatamaður að alþjóðahveryfingu um "fljúgandi diskar" og aðra slíka fyrirburði, og frú Grete Ahlberg, hvatamaður að skyldri hreyfingu í Finnlandi. Hafði Þorsteinn Guðjónsson átt við þau bréfaskifti um nokkurt skeið áður og leiddu þau skifti til þess, að þau fengu hug á að kynnast starfsemi Nýalssinna á Íslandi, og tókust því þessa ferð á hendur. Sagt var talsvert af gestakomu þessari í blöðum og útvarpi á sínum tíma og er því ekki börf á að rekja þá sögu hér í einstökum atriðum. Aðeins skal þess getið að heimsóknin varð bæði gestgjöfum og gestum til ánægju og fróðleiks. Auk þess sem gestir okkar fluttu erindi og svöruðu fyrirspurnum á fjölmennum opinberum fundi í Norræna húsinu og spjölluðu við félagsmenn á kynningarfundi í Sambandsstöðinni sátu þau two sambandsfundi í Stöðinni og sýndu mikinn hug á að kynna sér kenningar Helga Pjeturss. Grete Ahlberg reyndist hafa miðilshæfileika og talaði í sambandsástandi á öðrum fundinum. Áreiðanlega fóru gestir okkar héðan fróðari en áður um heimsfræði Nýals og er hreint ekki ólíklegt að þau eigi eftir að kynna öðrum þau fræði á einn eða annan hátt. Daginn áður en þau fóru héðan heimsóttu þau Þorsteinn Jónsson á Úlfssstöðum.

Bókagjafir.

Samúel Jónsson hefur gefið Félagi Nýalssinna allmargar bækur, og komið upp aðgengilegri spjaldskrá yfir bókasafn félagsins. Meðal bóka þeirra, er hann hefur gefið eru allar bækur Þorsteins Jónssonar á Úlfssstöðum, innbundnar í vandað skinnband. Einnig innbundið í skinnband öll heftin af Félagsblaði Nýalssinna, þau árin, sem Þorsteinn Jónsson var ritstjóri þess.

Ber að þakka þetta framtak og góðvild í garð félagsins.

Söfnun ritgerða dr. Helga Pjeturss.

Þá má og geta þess, að Samúel Jónsson hefur innt af höndum mikið og tímafrekt starf í þágu þessa málefnis, en það er í því fólgιð að safna saman og ljósrita allar þær ritgerðir dr. Helga Pjeturss sem ekki eru í Nýalsbókunum eða Ferðabókinni. Ritgerðir þessar birtust í ýmsum blöðum og tímaritum, og eru einkum varðveissttar í Landsbókasafni og hjá Önnu Pjeturss, dóttur dr. Helga. Þegar búið verður að ljósrita og safna á einn stað öllum tiltækum ritgerðum dr. Helga skapast auknir möguleikar til sérstakrar útgáfu þessara ritgerða. Er í rauninni nauðsynlegt, að af því geti orðið fyrr en seinna.

Á öðrum stað í þessu blaði er listi yfir nokkrar þessara ritgerða, sem Samúel hefur ljósritað og gengið frá á snyrtilegan hátt, svo að þeim sem þess óska gefist kostur á að eignast þær.

Gjafir og hvatningar frá vinum í öðrum löndum.

A félagsfundi í apríl s.l. skýrði Þorsteinn Guðjónsson frá því að sér hefði borizt bréf frá íslenzkri konu í Kanada, Guðrúnu Grímsdóttur Eyjólfsson, búsettri í Gimli í Manitoba. Föl hún Þorsteini að koma þeim boðum til fundarins að hún gæfi Félagi Nýalssinna 60 hektara landspildu úr erfðahluta sínum í jörðinni Gröf í Laugardal. Að auki sendi hún féluginu 66 þúsund krónur í peningum. Var gjöf þessari fagnað innilega af fundarmönnum og Þorsteinn beðinn að færa þessari ágætu konu beztu þakkir og árnaðaróskir félagsins. Hefir nú verið gengið frá formsatriðum varðandi viðurkenningu hreppstjórnar og annara aðila á eignarrétti F. N. á þessum jarðarhluta. Hugsa nú margir gott til þess að þarna geti risið á næstu árum sumardvalarstaður Nýalssinna sunnanlands og jafnvel síðarmeir miðstöð fyrir starfsemi félagsdeilda í þessu héraði. Peningagjöfin verður sennilega notuð til þess að kosta vegarlagningu að landinu og um það.

Þá hefir féluginu borizt bréf frá annari íslenzkri konu í Kanada, Miss Ingu Árnason, til heimilis að 686 Mulvey Avenue í Winnipeg. Hvetur hún okkur mjög ákveðið til þess að gefa út vandað og fjölbreytt kynningarrit um Nýalsfræði og hafa það á boðstólum fyrir almenning um allt land. Jafnframt býðst hún til að kosta útgáfu slíks rits að einhverju leyti. Var bréf þetta lesið á félagsfundi í nóv. og fagnað vel af fundarmönnum. Mun óhætt að segja að hvatning þessarar vestur-íslenzku konu hafi átt ekki svo lítinn þátt í því að nú er að komast skriður á útgáfu væntanlegs tímarits.

Ómetanlegt er að fá slíka liðveizlu og hvatningu frá traustum vinum í fjarlægu landi og glæðir vonir um að betur fari nú að ganga en löngum áður.

Verða nú þessar línr ekki fleiri að sinni, en treysta skulu menn því að þeir muni fá meira að heyra áður en langt um líður.

Með þeitum félagskveðju,
Stjórn Félags Nýalssinna.

Félag Nýalssinna
Álfhólsvegi 121
Kópavogur, Ísland

Ég vil tilkynna ykkur að bróðir minn Björn Árnason dó síðastliðinn december. Hann var einsog þið vitið styrktarmaður Nýalssinnafélagsins.

Mig langar til að stinga uppá að eitt sérstaklega vandað blað um Nýalskenningu (auðvitað frábrugðið vanalegu félagsblaði) sé gefið út af Félagi Nýalssinna og haft til sölu um allt landið. Og allt reynt til að hafa þetta blað aðlaðandi og skemmtilegt. Ég skyldi senda ykkur peninga til styrktar útgáfu sliks blaðs. Ég vona að þið látið mig vita fljótlega hvað ykkur finnst um þetta. Eins hvað væri líklegt að kosta myndi að gefa það út.

Ég er flutt til Winnipeg og utanáskrift míni er:

Miss Inga Árnason
686 Mulvey Ave.
Winnipeg
Canada

MIÐILSFUNDIR (Þörf aukinnar þáttöku.)

Eitt aðalatriði í starfsemi Félags Nýalssinna eru miðilsfundir. Eru venjulega haldnir nokkrir slíkir í viku hverri. Einkum eru það þó Mánudagsfundirnir (kl. 9. að kvöldi) í Stjörnusambandsstöðinni að Álfhólsvegi 121 í Kópavogi, sem sérstaklega eru opnir öllum félagsmönnum og jafnvel gestum þeirra.

Til þess að miðilsfundir þessir megi vel takast, er mikilvægt, að sem flestir félagar sjáí sér fært að taka þátt í þeim, og þá ekki síst eldri félagar, sem fremur sjaldan hafa sótt þessa fundi í seinni tíð. Öll viljum við vinna að framgangi þessa málefnis, og sjá árangur af þessari viðleitni til sambands við lengra komna vini okkar á öðrum stjörnum.

Er því mikilvægt, að hver einn leggi fram sína hugsun og sína þáttöku, eftir því sem ástæður eru til hjá hverjum einum.

Ingvar Agnarsson.

NOKKRAR GREINAR HELGA PJETURSS TIL SÖLU

Til að kynna nokkrar þær ritgerðir Dr. Helga Pjeturss sem ekki eru í Nýölunum eða Ferðabókinni hefur Anna Pjeturss leyft að taka ljósrit af of bjóða til sölu ritgerðir þær, sem hún á í safni sínu.

Búið er að ljósrita og setja í þokkaleg spjöld þessar greinar:

Frægasta bókin og hin nýja líffræði kr.	240,-	7	síður
Braaby og kylfur hans og Smásaga	" 210,-	5	"
Um að anda	" 200,-	4	"
Kveldræður	" 260,-	9	"
Hreyfing og vöxtur	" 450,-	22	"
Greinar	" 500,-	22	"
Fyrirburðir	" 430,-	13	"
Svefn og svefnleysi o.fl. greinar.	" 440,-	21	"
Njarðfræði og orðasaga	" 210,-	5	"
Tvö skáld	" 350,-	11	"

Greinarnar fást hjá Sveini Haraldssyni, Álfhólsveg 121, Kópavogi, sími 40765, pósthólf 1159.

Fleiri greinar eru í undirbúningi og hafi menn áhuga á öðrum greinum en hér eru taldar, geta þeir snúið sér til Sveins.

UM GREIÐSLU FÈLAGSGJALDA.

Ennþá skulda nokkrir félagar gjald ársins 1973 og örfáir tvö ár eða meira. Áreiðanlega stafar þetta mest af því að ekki hefir verið eftir greiðslu gengið, heldur en hinu að menn vilji ekki borga. Mun nú reynt að bæta úr þessu með því að félagsmönnum verður sendur gíróseðill, með þeirri fjárhæð áritaðri sem þeir skulda. Eru menn vinsamlegast beðnir að bregðast vel við og greiða þetta sem fyrst í næsta pósthúsi, banka eða sparisjóði. Athygli skal vakin á því, að samkvæmt samþykkt frá fyrra ári, geta þeir sem skulda meir en tvö ár öðlast full réttindi, með því að greiða fyrir árin 1972 og 1973. Engum verður því send hærri krafa en 2000 krónur, en það eru lágmarksgjöld þessara tveggja ára.

Með kærri kveðju,
Gjaldkeri.

Stjörnusambandsstöðin, Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.
Almennir félagsfundir eru þar fyrsta miðvikudag hvers mánaðar,
kl. 9 e.h. - Umsjónarmaður: Sveinn Haraldsson.